



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa desember 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 15. desember

Seinni umræða fjárhagsáætlunar 2005.

Niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar 2005. Gert er ráð fyrir að heildar skatttekjur verði 38.225 þúsund kr. Rekstrarniðurstaða sveitarsjóða A-hluta verði jákvæð um 6.397 þúsund kr. Samantekt A og B hluta verði jákvæð um 1.578 þúsund kr. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrri umræða þriggja ára fjárhagsáætlunar. Farið var yfir áætlunina og er rekstrarniðurstaða jákvæð öll þrjú árin. Seinni umræða verður á næsta fundi.

Farið var yfir bréf sem kom frá skólastjóra um hvernig hægt sé að bæta upp kennslutap vegna verkfallsins. Skólastjóra var falið að leita allra leiða til þess að tryggja að nemendur fái lögboðna kennslu samkvæmt námskrá, hvort sem þurfi að bæta inn tímum eða dögum.

Fyrirspurn kom frá Frímanni Jóhannssyni vegna gangnagjalds.

Bréf kom frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Tekin til afgreiðslu heilmild til álagningar útsvars vegna ársins 2005, álagning verður sú sama og að ári, 13,03%. Álagningarákvæði fasteignagjalda verða þau sömu árið 2005 og þau voru 2004.

Bréf kom frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar þar sem beðið er um styrkveitingu að upphæð 80. þúsund kr. til sögukortagerðar um Austurland. Ákveðið var að styrkja verkefnið en ekki fyrir en því lýkur og verður styrkuppæð ákveðin þá.

Bréf barst frá Varasjóði íbúðarlána þar sem kemur fram niðurfelling lána fasteigna sem seldar voru Eignarhaldsfélagi Skeggjastaðahrepps.

Tekin fyrir fréttatilkynning Ratsjárstofnunar og ákveðið var að senda stofnuninni formlegt bréf þar sem farið er fram á að sveitarstjórn fái að fylgjast með gangi mála.

Málefni byggðarkvóta, Áki og Marinó víkja af fundi og varamenn koma inn í staðinn. Gert var uppkast að úthlutunarreglum fyrir Skeggjastaðahrepp og verða þær bornar undir undir lögmennt Regula.